

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

Deiliskipulag frístundasvæðis Hulduheima úr landi Álfsstaða.

Í deiliskipulaginu felst að á 9 ha frístundasvæði í landi Hulduheima lnr. 215104 er gert ráð fyrir að reisa allt að 3 frístundahús auk skemmu sem rúma á hesthús, hlöðu og þjálfunaraðstöðu.

Samþykkt í sveitarstjórn 6. september 2011.

Auglýsing sem birtist í Stjórnartíðindum þann 28. október 2011 fellur úr gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 28. janúar 2015.

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps,

Pétur Ingi Haraldsson.